

# Sögupokar

---

MÁLÖRVUNAREFNIFYRIR BÖRN Á LEIKSKÓLAALDRI

Ágústa Kristmundsdóttir – Jóhanna Beck Ingibjargardóttir  
LEIKSKÓLINN AKRAR 2015

## **Lokaskýrsla v/Próunarstyrks leikskóla Garðabæjar**

**Heiti verkefnis:** Sögupokar

**Styrkþegar:** Ágústa Kristmundsdóttir og Jóhanna Beck Ingibjargardóttir/Leikskólinn Akrar

**Verkefnisstjóri:** Ágústa Kristmundsdóttir og Jóhanna Beck Ingibjargardóttir

### **Markmið verkefnis samkvæmt umsókn:**

Markmið verkefnisins er að útbúa skemmtilegt og lifandi námsefni fyrir börn á leikskólaaldri. Þetta eru Sögupokar en í þeim er bók, handbrúða, skil, orðaspjöld og annað efni sem tengist sögunni. Þetta námsefni ýtir undir ímyndunarafl og málörvun, örvar lesskilning og lestrarupplifun barnanna. Við teljum að þetta efni sé frábær leið til að vekja áhuga barna á sögum og ævintýrum.

Einnig er markmið verkefnisins að kenna/leiðbeina starfsfólki á Ökrum hvernig best er að nota þessa aðferð og gera samveru- og sögustundir að spennandi og lærdómsríkum stundum.

### **Leiðir sem farnar voru til að ná markmiðum þ.e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnis**

Eins og áætlað var unnum við verkefnið að mestu leiti utan vinnutíma. Fyrstu vinnustundirnar fóru í hugmyndavinnu og undirbúning fyrir efnisöflun.

Það var fyrirfram ákveðið að gera 8 sögupoka, 4 fyrir eldri og 4 fyrir yngri. Gerð var könnun meðal starfsmanna hvaða sögur/ævintýri væri spennandi að taka fyrir og tekið var mið af því. Þá þurfti einnig að taka mið af því hvaða efni var fánlegt í hverja sögu/ævintýri fyrir sig.

Niðurstaðan varð þessi:

4 fyrir eldri aldurshópa leikskólans:

- Greppikló
- Regnbogafiskurinn
- Gullbrá og birnir þrír
- Lína langsokkur

4 fyrir yngri börnin:

- Kæri dýragarður - Dear Zoo
- Geiturnar þrjár
- Gráðuga lirfan - The very hungry caterpillar
- Aparáðgáta – Monkey puzzle

Þegar búið var að ákveða sögurnar/ævintýrin fór í gang undirbúningsvinna og mikil efnisöflun. Við gerðum pokana alveg frá grunni. Efnið í pokana var keypt hér á Íslandi, pokarnir saumaðir í leikskólanum og sendir í merkingu.

Megnið af aðkeyptu efni kemur erlendis frá en lítið er til af handbrúðum, fingrabrúðum og öðru tengdu sögum/ ævintýrum á Íslandi. Efnisöflunin var því umfangsmikil, teygði anga sína til nokkurra landa og tók einnig þó nokkurn tíma þar sem við reyndum að nýta ferðir okkar og ættingja erlendis til þess að forðast að þurfa að borga flutningskostnað til Íslands.

Vegna þess að sumar bækurnar voru ekki fáanlegar á íslensku gripum við til þess að þýða flóknari bækurnar svo að allir starfsmenn treystu sér til þess að lesa þær.

Svo útbjuggum við náms- og kennsluefni sem tengist hverri sögu t.d. spurningar, málörvunar og hljóðkerfisæfingar, stærðfræðiverkefni ásamt leiðbeiningum um möguleika á notkun efnisins fyrir hvern sögupoka fyrir sig.

Okkur urðu fljótt ljósir möguleikar pokanna í daglegu starfi. Staðreyndin er sú að þeir eru ekki aðeins notaðir í samveru- og sögustundum. Sögupokarnir eru líka notaðir í samverustundum, söngstundum, hópastarfi sem og í leik undir handleiðslu kennara.

Tímaáætlun stóðst þó svo að við hefðum áætlað okkur alltof lítinn tíma í verkefnið.

Við kynntum verkefnið, sögupokana og innihald þeirra á starfsmannafundi í leikskólanum. Þá fórum við einnig yfir ýmsar leiðir til að nota sögupokana við kennslu. Svo fórum við inná deildir og sýndum starfsfólki dæmi um hvernig við notuðum sögupokana.

### **Hindranir og frávik frá upphaflegri áætlun**

Verkefnið fór vel af stað en við sáum fljótt að erfitt var að fá þann efnivið sem við vildum hér á landi. Mikil vinna fór í að leita að rétta efninu á netinu og panta. Við pöntuðum bæði frá Evrópu og Ameríku og fundum allar leiðir til að fá sendingarnar heim án þess að þær færu í gegnum tollinn. Þannig að vinir og vandamenn tóku gjarnan pakka með til landsins fyrir okkur.

Fljótlega sáum við að fjármagnið sem við sóttum um var of lítið og vinnutími okkar vanmetinn. Verkefnið vatt upp á sig vegna metnaðar okkar og áhuga og trú okkar á að þetta verkefni ætti eftir að nýtast mjög vel fyrir leikskólann. Í raun voru tímarnir sem við reiknuðum á okkur flognir áður en við vissum af (sóttum um 10 tíma á hvora okkar). Þetta verkefni hefur allt verið unnið utan vinnutíma okkar en við höfum einnig notið velvildar leikskólastjóra til að klára vissa þætti á vinnutíma s.s. að sauma pokana.

Það sem setti strik í reikninginn við vinnuna í þessu verkefni var kynning á verkefninu á örnámskeiðaröð fyrir deildarstjóra í leikskólum Garðabæjar og á Stóra leikskóladeginum í Ráðhúsi Reykjavíkur. Mikil vinna fór í að undirbúa þessa viðburði, setja upp Powerpoint kynningu, búa til kynningarbækling og klára pokana til að sýna þá.

En þetta var þess virði þó við hefðum verið kauplausar óteljandi stundir því verkefninu var vel tekið og vakti mikla hrifningu og athygli og við erum mjög stoltar og ánægðar með útkomuna.

Þegar við vorum komnar vel af stað við verkefnið langaði okkur að víkka notagildi pokanna og samþætta sem flesta námsþætti þannig að hægt væri að vinna með sögupokann í c.a. 5 eða fleiri kennslustundum og koma inn á alla þá þætti sem ber að vinna með í leikskóla samkvæmt

Aðalnámskrá leikskóla. Við ákváðum að sækja um framhaldsstyrk til að vinna áfram með verkefnið og ná þessum draumamarkmiðum okkar.

### **Mat á verkefninu**

Ánægjulegt hefur verið að upplifa hvað pokarnir hafa verið mikið notaðir af öllu starfsfólki leikskólans og hvað fólk hefur verið ánægt með þá. Fyrir okkur sem unnum þetta verkefni er þetta mikilvægur þáttur í mati á verkefninu og besti mælikvarðinn um að vel hafi til tekist. Áhugi og gleði barnanna er einnig gott mælitæki á notagildi pokanna, börnin bíða spennt og áhuginn leynir sér ekki þegar kennari kemur með sögupoka í samverustund.

Við höfum hugsað okkur að gera könnun meðal starfsfólks þegar meiri reynsla er komin á notkun pokanna, kanna notagildi þeirra, upplifun starfsfólks og fá hugmyndir um viðbót og notkunarmöguleika.

Sá mikli áhugi og athygli sem Sögupokarnir hafa hlotið utan leikskólans og innan sannfæra okkur um ágæti verkefnisins og teljum við það einnig gott matstæki.

### **Ráðstöfun styrks**

Heildarupphæð styrks var 230.000 í þetta verkefni sem skiptist í efniskostnað fyrir 120.000 og laun fyrir okkur 110.000

Efniskostnaður stóðst með mikilli útsjónarsemi en þó er eftir að bæta efnivið í pokana og kemur það inn í framhaldsstyrkinn sem við fengum.

Laun okkar voru áætluð 110.000 þús. 10 tímar á hvora okkar. Eins og áður sagði fór miklu meiri tími í þessa vinnu en við áætluðum.

## **Afrakstur, ávinningur fyrir skólastarf og kynning**

Afrakstur þessa verkefnis er námsefni fyrir börn á leikskólaaldri þar sem áhersla er á nám í gegnum leik, stuðlar að læsi í víðum skilningi og markvissri málörvun. Með sögupokunum fær starfsfólk í leikskólanum efnivið í hendurnar með leiðbeiningum um notkun. Þetta stuðlar að öryggi í að vera með sögu-og samverustundir á markvissan og skemmtilegan hátt.

Sögupokarnir eru skemmtileg viðbót við efnivið leikskólans sem vekur áhuga barna á sögum og ævintýrum þar sem börnin sjálf fá að vera þátttakendur og öll skilningarvit þeirra eru virkjuð.

Mikil áhersla var á að vanda vel til verks við gerð pokanna og vanda val á leikefni. Það er okkar von að pokarnir verði til um ókomin ár og verði í stöðugri notkun.

## **Kynning**

Við teljum mjög mikilvægt að kynna Sögupokana vel fyrir því fólki sem kemur til með að vinna með þá og erum við búnar að hafa eina kynningu á starfsmannafundi í leikskólanum.

Í haust ætlum við að hafa aðra kynningu fyrir starfsfólk leikskólans þar sem við förum dýpra yfir notkun pokanna og möguleika í vinnu með börnunum. Við höfum hugsað okkur að halda nokkrar slíkar kynningar.

Pokarnir eru mjög aðgengilegir og sýnilegir en þeir eru hengdir upp á gangi leikskólans þar sem allt starfsfólk gengur um og börnin geta einnig skoðað þá. Þetta teljum við mikilvægt til að hvetja fólk til að nota þá.

Við kynntum pokana á örnámskeiðaröð sem var fyrir deildarstjóra í leikskólum Garðabæjar í vetur og vakti verkefnið mikla ánægju.

Einnig vorum við með kynningu á verkefninu á Stóra leikskóladeginum í Ráðhúsi Reykjavíkur í lok maí og sömuleiðis þar fékk verkefnið mikla athygli.

Við höfum fengið fyrirspurn frá Bókasafni Garðabæjar um pokana og eigum við von á að starfsfólk frá þeim komi og fái kynningu á pokunum og erum við opnar fyrir samstarfi við bókasafnið.

Við höfum einnig kynnt verkefnið fyrir foreldrum leikskólans. Við sendum kynningarbækling til allra foreldra og sögðum frá markmiðum og möguleikum í leik og starfi með þessu nýja námsefni.

Einnig hengdum við kynninguna sem við vorum með í Ráðhúsi Reykjavíkur í salnum í leikskólanum og buðum foreldrum að skoða.

Garðabær, 14. júní 2016

Ágústa Kristmundsdóttir  
Jóhanna Beck Ingibjargardóttir

# Sögupokar 2

## Framhaldsverkefni

Lokaskýrsla v/Þróunarstyrks leikskóla Garðabæjar

Leikskólinn Akrar

Heiti verkefnis: Sögupokar – framhald

Styrkþegar: Ágústa Kristmundsdóttir sérkennslustjóri og Harpa Kristjánsdóttir deildarstjóri.

Verkefnastjóri: Ágústa Kristmundsdóttir

### **Markmið verkefnisins:**

Þegar farið var að vinna með Sögupokana fundum við mikinn áhuga hjá starfsfólki að fá þetta skemmtilega námsefni í hendur og sáum við tækifæri í að víkka út verkefnið og auka notagildið.

Markmið framhaldsverkefnisins var að útbúa viðbótarnámsefni þar sem samþættir eru þeir námsþættir sem verið er að vinna með hér á Ökrum.

### **Leiðir sem farnar voru til að ná fram markmiðum þ. e. framkvæmd, tímaáætlun og umfang verkefnisins**

Við ákváðum að útbúa kennsluefni með pokunum þar sem farið er inn á þá þætti sem við erum að vinna með hér á Örkum og eru eftirfarandi.

- Læsi í víðum skilningi
- Orðaspjall – orðaskýringar
- Markviss málörvun
- Stærðfræði
- Litir og form
- Hugtök
- Tölur og talnagildi
- Samvinna og jákvæð samskipti



Útbúin voru spjöld með spurningum úr ævintýrunum, orðaskýringum og ýmsar æfingar úr námsefninu Markviss málörvun sem er unnið með hér í leikskólanum s.s. rím, atkvæði, hljóðgreining og hljóðtenging.

Einnig voru útbúin verkefnaspjöld tengd stærðfræði s.s. hugtök, litir og form, tölur og talnagildi.

Við keyptum viðbótarefnið sem er notað í þeim tilgangi að námið fer fram í leik en áhersla er að vinna þessa fræðslu í gegnum leik þar sem börnin eru þátttakendur.

Tímaáætlun stóðst nokkurn veginn – þátttakendur skiptu með sér verkefnum, hittust síðan reglulega og fínússuðu og fullkláruðu.

Þetta fyrirkomuleg gekk vel, sérstaklega þar sem þessi vinna var komin af stað í fyrrihluta verkefnisins en innan þess ramma var hvorki tími né fjármagn til að klára.

Við kynntum þessa viðbót við pokana á starfsmannafundum og fór um yfir möguleika á notkun þess. Einnig fór um við inn á deildir og tókum þátt í vinnu með þetta efni og leiðbeindum starfsfólki og ætlum að gera meira af því næsta vetur.

### **Hindranir og frávik frá upprunalegri áætlun:**

Verkefnið gekk vel, ekki mikið um frávik. Þar sem verkefnið var unnið utan hefðbundins vinnutíma þá gat verið erfitt að finna tíma til að hittast og því skiptum við verkefnum og fínússuðum svo saman.

Mikill tími fór í þessa vinnu og voru 20 tímar á hvora fljótir að fara. Þetta er mikil „handavinna“ - útbúa allt námsefni, plasta spjöldin og ganga frá þeim þannig að þau séu varanleg en áhersla var á að vanda vel til verka.

### **Mat á verkefninu:**

Þessi seinni hluti verkefnisins hefur gengið vel og er komið meira af kennslugögnum í pokana og við náð að klára að fullvinna pokana sem var tilgangur þessa styrks. Pokarnir hafa verið notaðir í hópavinnu í vetur og hafa allavega 3 pokar verið notaðir í þemastaf á 2 deildum þar sem var farið í flesta námsþættina. Börnin voru mjög ánægð með þemastarfið og voru börnin í hópunum búin að gera dansatriði úr einni sögunni og úr öðrum pokum voru sögurnar leiknar.

Starfsfólkið var einnig farið að nota pokana meira og orðið öruggara og þ.a.l. voru þeir meira notaðir í hópastarfi en áður. Sögupokarnir eru mjög vinsælir í samverustundum og alltaf jafn gaman að sjá spenninginn hjá börnunum þegar kennarar koma með poka inn á deild.

**Ráðstöfun styrks:**

**Laun:** 40 x 7.500 = 300.000

Þessi laun skiptast á tvo þátttakendur – 20 tímar á hvorn

**Aðkeypt ráðgjöf og fræðsla:** Við þurftum ekki að fá utankomandi aðila þar sem báðar höfum langa reynslu af vinnu með börnum á leikskólaaldri og góða yfirsýn yfir þá þætti sem við ákváðum að vinna með .

**Gögn:** 70.000 – bæta þurfti við brúðum, kaupa kassa og geymslupoka, pappír og plast í plöstinrvél. Fjármagnið dugði til að klára að kaupa þessi gögn.

**Afrakstur, ávinning fyrir skólastarf og kynning:**

Afrakstur þessa verkefnis eru 8 sögupokar með brúðum, bókum og annað námsefni fyrir börn á leikskólaaldri þar sem áhersla er lögð á nám í gegnum leikinn, hlustun, læsi í víðum skilningi og markvissa málörvun.

Ávinninur fyrir leikskólann er að þarna eru sögur sem margir þekkja og eru auðveldir í notkun, við styrkþegarnir höfum þegar kynnt pokana fyrir starfsfólki og ætlunin er að kynna þá aftur fyrir nýju starfsfólki í haust og fylgja þeim eftir þannig að þeir verði hluti af starfinu t.d. í hópa og þemavinnu. Við höfum reynt að gera þá eins einfalda og auðvelda í notkun þannig að allt starfsfólk eigi auðvelt með að nota þá hvort það séu leikskólakennarar eða leiðbeinendur.

Við höfum verið duglegar að kynna pokana bæði í öðrum leikskólum bæði í Garðabæ og í næsta nágrenni. Það kom faghópur leikskólakennara um sköpun í leikskólum til okkar í vetur þar sem við kynntum pokana með góðum árangri. Við höfum einnig verið duglegar að hafa pokana sýnilega þegar eitthvað er um að vera í leikskólanum eins og foreldrakaffi, opið hús í vor og fleira.

Garðabær júní 2017

Leikskólinn Akrar

Ágústa Kristmundsdóttir

Harpa Kristjánsdóttir